

# FUNDARGERÐ STOFNFUNDAR ICELANDSIF

Stofnfundur almennu félagasamtakanna IcelandSIF var haldinn í sal KPMG, Borgartúni 27, 105 Reykjavík þann 13. nóvember 2017. Fundurinn hófst kl. 15:30.

Fundurinn var boðaður með tölvupósti þann 31. október 2017 sem sendur var á 34 lögaðila sem var boðið að vera stofnaðilar félagsins.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi í samræmi við boðaða dagskrá:

1. **Setning fundar, kosning fundarstjóra og fundarritara.**
2. **Kynning á félaginu, þ.m.t. félagsgjaldi.**
3. **Drög að stofnsamþykktum lögð fram til umræðu og atkvæðagreiðslu.**
4. **Kosning fyrstu stjórnar.**
5. **Kosning endurskoðanda/skoðunarmanns.**
6. **Umræður og ákvörðun um félagsgjald.**
7. **Önnur mál löglega fram borin.**

## 1. liður dagskrár.

Hulda Katrín Stefánsdóttir, lögfræðingur hjá KPMG bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Að því loknu bar hún upp tillögu í samræmi við útsent fundarboð um að hún yrði kosin fundarstjóri. Var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri lagði til að Bríet Kristý Gunnarsdóttir, lögfræðingur hjá KPMG, yrði kosin fundarritari. Var það samþykkt samhljóða.

Að þessu loknu yfirfór fundarstjóri hverjir voru boðaðir til fundarins og hversu margir væru mættir. Fundarstjóri upplýsti að 23 aðilar hefðu ákveðið að gerast stofnaðilar og væri mætt fyrir hönd allra þeirra. Í viðhengi við þessa fundargerð er listi yfir mætta fundarmenn.

Því næst fór fundarstjóri yfir dagskrá og framlögð gögn. Fulltrúar hluthafa gerðu engar athugasemdir. Fundurinn var því næst lýstur löglegur og gengið til dagskrár.

## 2. liður dagskrár.

Undir þessum lið kynnti fundarstjóri Finn Sveinsson upp í pontu en Finnur hefur verið ráðgjafi undirbúningshóps samtakanna.

Finnur kynnti samtökin og fyrirhugaða starfsemi þeirra ásamt fyrirhugaðri tillögu að félagsgjaldi. Einnig kynnti Finnur þá stjórnarmenn sem boðið hafa kost á sér til stjórnarsetu fram að fyrsta aðalfundi félagsins.

## 3. liður dagskrár.

Lögð voru fram drög að stofnsamþykktum félagsins. Þau voru samhljóða þeim drögum sem send voru með útsendu fundarboði þó með þeirri einni breytingu að í 7. tl. 2. mgr. 5. gr. þar sem fjallað er um dagskrá aðalfundar félagsins er svofelld viðbót: „/skoðunarmanns“ en þá er ákvæðið svohljóðandi: „Kosning endurskoðanda/skoðunarmanns.“

Í framhaldinu bauð fundarstjóri orðið laust.

KAC JG OR KKP HÖS

Að því loknu tilkynnti fundarstjóri fundinn um að samþykktirnar yrðu ekki lesnar upp og lýsti eftir mótmælum við því. Enginn mótmælti.

Að þessu loknu bar fundarstjóri samþykktirnar upp til atkvæðis. Samþykktirnar voru samþykktar samhljóða.

Að því loknu gerði fundarstjóri 10 mínútna hlé á fundi og bað fundarmenn að koma og undirrita stofnsamning félagsins fyrir hönd stofnaðila.

Hlé var gert á fundi kl. 15:50.

Fundurinn hélt áfram kl. 16:15.

Eftir kaffihlé og undirritun stofnsamnings lýsti fundarstjóri yfir stofnun almenna félagsins IcelandSIF.

#### **4. liður dagskrár, kosning stjórnar**

Samkvæmt nýsamþykktum stofnsamþykktum félagsins skal stjórn skipuð fimm til sjö stjórnarmönnum sem kosnir eru á aðalfundi til eins árs í senn. Það liggur því fyrir stofnfundinum að kjósa stjórn sem mun sitja fram að íaðalfundi sem áætlað er að halda í apríl 2018.

Fundarstjóri upplýsti að eftirtaldi hafi gefið kost á sér til setu í fyrstu stjórn félagsins en fundarstjóri fór einnig stuttlega yfir starfsferil hvers frambjóðanda til stjórnar.

- Hrefna Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Markaða Landsbankinn, sem formaður
- Kristín Jóna Kristjánsdóttir, fjárfestingastjóri Íslandssjóðum, sem meðstjórnandi.
- Davíð Rúdólfsson, forstöðumaður eignastýringar hjá Gildi - lífeyrissjóði, sem meðstjórnandi.
- Jóhann Guðmundsson, sérfræðingur í eignastýringu hjá Lífeyrissjóði Verslunarmanna, sem meðstjórnandi.
- Kristján Geir Pétursson, lögfræðingur lífeyrissjóðsins Birtu, sem meðstjórnandi.
- Arnór Gunnarsson, forstöðumaður hlutabréfa Alda sjóðir, sem meðstjórnandi.

Fundarstjóri upplýsti að ekki hafi önnur framboð borist en spurði hvort einhver vildi koma í pontu undir þessum lið. Enginn óskaði eftir því að taka til máls.

Fundarstjóri bar lista stjórnar upp til atkvæða. Fundurinn samþykkti ofangreinda aðila sem fyrstu stjórn félagsins samhljóða.

#### **5. liður dagskrár.**

Fyrir fundinum liggur tillaga um að kjósa Signý Magnúsdóttur, endurskoðanda hjá Deloitte, sem endurskoðanda félagsins.

Framkomin tillaga var samþykkt samhljóða.

#### **6. liður dagskrár.**

Fundarstjóri bar upp tillögu undirbúningshópsins að félagsgjaldi fyrir fyrsta starfsár félagsins fram að fyrsta aðalfundi þess sem ætlað er að halda í apríl 2018.

Tillaga undirbúningshópsins á félagsgjöldum er eftirfarandi:

KJK  
JG  
KAP  
HÖS

Aðilar er hafa yfir 100 ma.kr. í eignum í stýringu → 300.000 kr. árgjald.  
Aðilar er hafa undir 100 ma.kr. í eignum í stýringu → 150.000 kr. árgjald.  
Aukaaðilar → 150.000 kr. árgjald.

Fundarstjóri gaf orðið laust undir þessum lið. Enginn óskaði eftir því að taka til máls.

Því næst bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði. 23 voru samþykktir, enginn á móti, og enginn sat hjá. Tillagan var samþykkt samhljóða.

## 7. liður dagskrár.

Fundarstjóri bar hér þá tillögu undir fundinn að KPMG yrði veitt umboð til að tilkynna um stofnun félagsins, óska skráningar og leggja fram þau gögn sem til þarf. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri leitaði eftir því hvort einhver fundarmanna vildi ræða eitthvað undir þessum lið. Enginn kvað sér hljóðs.


Fundarstjóri óskaði eftir leyfi fundarins til að ganga frá fundargerðinni síðar. Fundargerðin verður þá send stofnaðilum eftir fundinn. Tillagan var samþykkt samhljóða.


Engin önnur mál voru á dagskrá og fundi því næst slitið kl. 16:20.


Reykjavík, 13. nóvember 2017.

### *Þannig staðfest af stjórn félagsins og vilji til stjórnarsetu einnig staðfestur:*


  
Hrefna Sigfinnsdóttir  
Formaður

  
Kristín Jóna Kristjánsdóttir  
Meðstjórnandi


  
Davíð Rúðólfsson  
Meðstjórnandi

  
Jóhann Guðmundsson  
Meðstjórnandi

  
Kristján Geir Pétursson  
Meðstjórnandi

  
Arnór Gunnarsson  
Meðstjórnandi

### *Þannig staðfest af fundarstjóra og fundarritara:*

  
Hulda Katrín Stefánsdóttir  
Fundarstjóri

  
Bríet Kristý Gunnarsdóttir  
Fundarritari

Skrá yfir mætta aðila á stofnfundi IcelandSIF þann 13. nóvember 2017

Nafn:	Mætt fyrir hönd stofnaðila:	Tölvupóstfang:
Kristján Geir Pírhraun	Birta Isj.	kristjan@birta.is
Kerlun Kevhan dóttir	Íslandssjóðir	Kerlun@islandssjodir.is
D. J. R. Jónsson	Gildi	darid@gildi.is
Arni U. Gunnarsson	- 11 -	arnihraun@gildi.is
Kristín Erla Jóhannsd.	landsbankinn	kristin.e.johansdottir@landsbankinn.is
Arni Guðmundsson	Gildi	arni@gildi.is
Þurgrímur Sigrímursson	UMIS SÍÐAN	THURGRIMUR.SIGRIMURSSON@UMISSIDAN.IS
Ómar Þingmannsson	Stapi lífeyrissjóður	einar@stapi.is johanna@stapi.is
Halldóra Halldóttir	Íslandssjóðir	halldora@islandssjodir.is
Helgi Þor Arason	Landsbrot	helgi.arason@landsbrot.is
Egill D. Brynjólfsson	- 11 -	egill.d.brynjolfsson@landsbrot.is
Hannes Finnur Þórhildur	Kvika banki	hannes@kvika.is
Margit Robertet	Kvika	margit.robertet@kvika.is
<del>Ólafur Þ. Þ.</del>	Lífisverkefni	olafur@lifisverki.is
Jóhanna Guðrúnsson	- 11 -	jokanna.g@live.is
Jón L. Arnason	Lífisverk	joni@lifisverki.is
Margrét Sveinadóttir	Arinn Banki	margret.sveinadottir@arinnbanki.is
Ólafur Kristjánsson	Arinn Banki	olaf.kristjan@arinnbanki.is
Gurður Guðj.	Brú lífj.	gurdur@lifbrua.is
Baldvin I. Sigr.	Brú lífj.	baldvin@lifbrua.is
Anna Kinnfarsdóttir	Stefur hf	anna@stefur.is
Markus Árnason	TM	markush@tm.is
Regur Þor Þ.	Jupiter	regur@jupiter.is
Kjartan Hösk	ÍSLANDSSJÓÐIR	KJARTAN@ISLANDSSJODIR.IS

Nafn:	Mætt fyrir hönd stofnaðila:	Tölvupóstfang:
<del>Kristjánur Sjámundur</del>	Almannalíf	kristjan@almannalif.is
EVA MARGRÉT EVARSDÓTTIR	ARION BANKI	eva.gevarsdottir@arionbanki.is
<del>Jón Ólafsson</del>	S.L.	jonolaf@sl.is
<del>Einar Jónsson</del>	Vordur	ejill@vordur.is
<del>Jón Jónsson</del>	Arion banki	Freyr Thordarson@arionbanki.is
Díana Ólafsson	ISB	
Arnaldur Loftsson	Fjölskiptisj.	arnaldur.loftsson@fjolskiptisj.is
Ólafur Páll Gunnarsson	Íslenski Ísji.	olafurpall@islenski.is
<del>Ólafur Páll Gunnarsson</del>	GAMMA	mummi@gamma.is
Ragnrún Jónsdóttir	—  —	ragnar@gamma.is
Ólafur Páll Gunnarsson	FESTA LÍFEYRISJ.	Gylfi@FESTA.IS
R. Hjalte	LSR	bjorn@lsr.is
Heiður Mær Hemmesen	VÍS	hreiðurh@vis.is